



Tillaga að upplýsinga- og samskiptastefnu Stjórnarráðsins

Apríl 2013

Formáli

Á fundi ráðuneytisstjóra 13. mars 2012 var samþykkt að hópur fulltrúa ráðuneyta fjallaði um stefnu Stjórnarráðsins um notkun samfélagsmiðla sem hluta af upplýsingastefnu sem mótuð yrði fyrir Stjórnarráðið í heild. Hópnun var m.a. falið að gera tillögu um vinnslufarveg heildstæðrar upplýsingastefnu fyrir Stjórnarráðið. Hópurinn skilaði skýrslu og tillögum til ráðuneytisstjóra í maí 2012 þar sem m.a. voru lögð drög að stefnu Stjórnarráðsins í upplýsinga- og samskiptamálum.

Þann 29. júní 2012 samþykkti ríkisstjórnin á fundi sínum að samin yrðu drög að upplýsinga- og samskiptastefnu Stjórnarráðsins sem yrðu lögð fyrir ríkisstjórn til umfjöllunar.

Að verkefninu komu:

forsætisráðuneyti:	Una Björk Ómarsdóttir, lögfræðingur, sem stýrði verkefninu Björn Sigurðsson, vefstjóri Jóhann Hauksson, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar Edda Rúna Kristjánsdóttir, skjalastjóri
atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti:	Þórir Hrafnsson, upplýsingafulltrúi
fjármála- og efnahagsráðuneyti:	Elva Björk Sverrisdóttir, upplýsingafulltrúi
innanríkisráðuneyti:	Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri
mennta- og menningarmálaráðuneyti:	Þorgeir Ólafsson, upplýsingafulltrúi
umhverfis- og auðlindaráðuneyti:	Bergþóra Njála Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi
utanríkisráðuneyti:	Urður Gunnarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi
velferðarráðuneyti:	Margrét Erlendsdóttir, upplýsingafulltrúi

Ein af meginstoðum góðrar stjórnsýslu er að hún sé opin og aðgengileg almenningi. Krafan um opna stjórnsýslu, aukið gagnsæi og virkt lýðræði verður stöðugt ríkari í nútíma samfélagi. Til að bregðast við þessari kröfu er mikilvægt að móta upplýsinga- og samskiptastefnu Stjórnarráðs Íslands, sem taki til upplýsingamiðlunar og samskipta ráðuneyta inn á við og út á við með hliðsjón af upplýsingalögum. Tilgangur slíkrar stefnu er að auki að efla samvinnu og samhæfingu innan Stjórnarráðsins alls.

Meðfylgjandi er tillaga að upplýsinga- og samskiptastefnu Stjórnarráðs Íslands. Við mótnun hennar var m.a. horft til ákvæða upplýsingalaga og sambærilegra stefna í nágrennaríkjunum Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Lagt er til að tillagan verði kynnt á vef Stjórnarráðsins og óskað eftir athugasemdum við hana.

Tillaga

Stefna Stjórnarráðs Íslands í upplýsinga- og samskiptamálum

Meginmarkmið

Meginmarkmið stefnu Stjórnarráðsins í upplýsinga- og samskiptamálum eru:

- að almenningur, þar með talin fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar, fái réttar og skýrar upplýsingar um réttindi sín og skyldur og njóti nauðsynlegra leiðbeininga
- að aðgangur almennings að upplýsingum um starfsemi Stjórnarráðsins sé greiður
- að almenningi standi til boða að taka þátt í stefnumótun á margvíslegum sviðum
- að efla gæði upplýsinga og samskipta gagnvart almenningi með aukinni samvinnu, samhæfingu og skilvirkni innan Stjórnarráðsins

Forsendur

Til þess að ná framangreindum markmiðum þarf starfsfólk Stjórnarráðsins:

- að þekkja stefnuna og leitast við að fara eftir henni
- að kunna skil á þörfum mismunandi markhópa
- að leggja upplýsingar til þjóðfélagsumræðunnar og stuðla að aukinni þátttöku almennings í lýðræðissamfélagi
- að sjá til þess að upplýsingar séu áreiðanlegar og samræmdar
- að sjá til þess að upplýsingar séu málefnalegar, vandaðar og séu veittar eða birtist tímanlega
- að færa sér í nyt á skilvirkan hátt möguleika nýrra miðla og samskiptatækni
- að sýna virðingu og gott viðmót í samskiptum og upplýsingastarfi

Kjarni

Samskipta- og upplýsingastarfsemi Stjórnarráðsins hefur eftirfarandi að leiðarljósi:

- Frumkvæði:** Stjórnarráðið veitir almenningi upplýsingar um starfsemi sína, svo sem með samantektum um mikilvæg verkefni, rafrænni útgáfu skýrsla eða útgáfu annarra gagna.
- Opin:** Sá sem biður um upplýsingar á að fá þær. Ganga skal svo langt sem lög og reglur leyfa.
- Skiljanleg:** Upplýsingar eiga að vera á vönduðu, einföldu og skýru máli.
- Fagmennska:** Upplýsingar eiga að vera réttar og í samræmi við tilefnið.
- Tímanleg:** Upplýsingar á að láta í té svo fljótt sem auðið er.
- Miðlun:** Aðgengi að upplýsingum á að auðvelda svo sem kostur er.
- Þátttaka:** Stjórnarráðið auðveldar almenningi að bera fram fyrirspurnir eða tillögur og hvetur til þátttöku og lýðræðislegrar virkni.

Þessi atriði eru kjarni upplýsingastarfs og samskipta sem fylgja ber **óháð tegund miðlunar**. Stefnan skal ávallt lögð til grundvallar hvort sem miðlað er út á við eða inn á við, svo sem á ytri eða innri

vefjum Stjórnarráðsins, með tölvupósti, í ræðum, fréttatilkynningum eða útgefnu efni, bréfum, símtölum eða á fundum, við málsmeðferð og í atvinnuauglýsingum.

Ábyrgð

Allt starfsfólk Stjórnarráðsins skal taka mið af upplýsinga- og samskiptastefnunni við störf sín, af hvaða tagi sem þau eru. Stjórnendur sýna gott fordæmi og bera ábyrgð á að skapa aðstæður fyrir góð samskipti og upplýsingagjöf. Leitast skal við að veita starfsfólki Stjórnarráðsins upplýsingar um leið og þeim er miðlað opinberlega. Stjórnendur skulu veita starfsfólki tækifæri til að efla samskiptahæfni sína, t.d. með því að tryggja aðgang að símenntun á þessu sviði.

Aðrar mikilvægar reglur

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands

Upplýsingalög

Stjórnsýslulög

Lög um Þjóðskjalasafn Íslands

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Síðareglur starfsfólks Stjórnarráðs Íslands

Málstefna Stjórnarráðs Íslands